

# Eystrahorn

36. tbl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 11. október 2018

www.eystrahorn.is

## Samráðsfundur svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs og rekstaraðila innan þjóðgarðs

Fimmtudaginn 4. október fór fram á Smyrlabjörgum í Suðursveit samráðsfundur milli svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, starfsmanna þjóðgarðsins og rekstaraðila á suðursvæði þjóðgarðsins. Nýheimar Þekkingarsetur sá um skipulagningu fundarins og mun setrið einnig taka saman greinargerð með niðurstöðum.

Í upphafi fundarins voru flutt tvö erindi. Fyrst var það Hrafnhildur Hannesdóttir jöklafræðingur sem fjallaði um áhrif loftslagsbreytinga á jökla á suðursvæði þjóðgarðsins. Að henni lokinni fjallaði Ragnar Þór Þrastarson, fjallaleiðsögumaður og eigandi Asgard Beyond, um áskoranir þess að reka afþreyingarfyrirtæki í síkvikri náttúru.

Að erindum loknum tók við hópavinna, þar sem þátttakendum var skipt niður á borð. Við tóku lífligar og gagnlegar umræður, meðal annars um atvinnustefnu þjóðgarðsins, aðlögun ferðaþjónustunnar að breyttum náttúrufræðingum aðstæðum, gæða og öryggismál, aðgangsstýringu, og gjaldtöku. Magnús Guðmundsson,



framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs flutti lokaorð að umræðum loknum.

Það er mat þeirra sem að fundinum stóðu að samtalið í Suðursveit þennan fimmtudag hafi almennt verið málefnalegt og gagnlegt. Niðurstöður verða nýttar fyrir þá vinnu sem framundan er við gerð atvinnustefnu, endurnýjun stjórnunar- og verndaráætlunar og við fyrstu stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand. Ákomandi mánuðum mun svæðisráð og þjóðgarðurinn beita

sér fyrir frekara samráði með breiðari aðkomu hagsmunaaðila. Uppbyggileg og heiðarleg umræða er mikilvæg til að hægt sé að standa við verndarmarkmið og sjálfbæra nýtingu á náttúrugæðum Vatnajökulsþjóðgarðs.

*Svæðisráð og starfsmenn  
Vatnajökulsþjóðgarðs á suðursvæði*



## Umhverfis Suðurland

Í kjölfar umræðunnar um Plastlaus September er gott að rifja upp og huga að því hvers vegna takmörkun plastnotkunar og endurvinnsla plasts er svo mikilvæg. Plast er unnið úr olíu og er mjög orkufrekt í framleiðslu. En hringrás plasts er einnig stórt vandamál því plast brotnar ekki niður í náttúrunni eins og við þekkjum t.d. með matvæli sem verða að jarðveg. Plast eyðist ekki sem þýðir að allt það plast sem framleitt hefur verið er enn í formi plasts um allan heim.

Plast sem er flokkað er hægt að endurvinnna í annað

plast en það plast sem ekki er endurunnið safnast upp á urðunarstöðum eða í náttúrunni. Þar brotnar plastið hægt niður í smærri einingar sem kallað er örplast og veldur skaða um ókomna tíð. Plast í jarðvegi og vatni dregur til sín ýmis mengunar efni og hefur mikil áhrif á lífríkið. Sameinuðu þjóðirnar telja að magn plasts í hafinu verði meira en fiskar árið 2050 sem þýðir að plast á greiða leið í fæðukeðju mannsins og gæti endað á matardiskum okkar.

Á vefsíðunni [umhverfis-sudurland.is](http://umhverfis-sudurland.is) má fræðast meira um skaðsemi plasts og



lausnir sem allir geta nýtt sér. Öll sveitarfélög á Suðurlandi taka við plasti í flokkun.



## ANITA PEARS

Country tónleikar ásamt góðum boðskap

Föstudaginn 12. Okt Kl. 20.00 í

Hvítasunnukirkjunni Lifandi Vatn á Höfn

Allir velkomnir!

## Föstudagshádegi í Nýheimum

Föstudagshádegi í Nýheimum verður haldið þann 12.10. og hefst dagskráin Kl. 12:30.

Að þessu sinni mun Þórður Sævar Jónsson segja frá nýútgefnum býðingum sínum á verkum Richard Brautigan, en hann var á meðal þekktustu rithöfunda Bandaríkjanna á sinni tíð.

Súpa og salat í boði frá kl 12.00 á 1500 kr. (ath. að ekki er tekið við kortum)



## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIRÐINGA

### MINNUM Á:

**Yogatímana** í Ekrinni á mánudögum kl. 16:30. Ásta Margrét stjórnar.

**Göngur frá Ekrinni** á mánudögum og miðvikudögum kl. 10:00.

**Íþróttatímana** í Íþróttahúsinu á miðvikudögum kl. 11:50 til 12:50.

Alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast!  
TAKIÐ endilega þátt!

## Z BISTRO

## Réttur dagsins

Í hádeginu alla virka daga.  
Verð: 1790 kr.

Mið 10. okt. - Steiktur kjötbollur í brúnni

Fim 11. okt. - Saltfiskur

Fös 12. okt. - Kófilettur í raspi

Mán. 15. okt. - Svínakjöt í súrsætri sósu

Þri. 16. okt. - Fiskréttur

Mið - 18. okt. - Gráðostapasta

Allt borið fram með meðlæti.

Súpa dagsins og kaffi fylgir.

Verið velkomin



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is  
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes  
Umbrot: .....Tjörvi Óskarsson  
Prentun: .....Litlaprent

ISSN 1670-4126



**Snorri Snorrason**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 478-2000  
GSM: 895-2115  
snorri@valholl.is



**HAFNARBRAUT 28, HÖFN**  
3ja herb. 83,4 fm, íbúð, með sér inngangi á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Húsið er á miðsvæði þar sem heimilt er að vera með þjónustu s.s gistihús, verslun ofl. Laust við kaupsamning



**FISKHÖLL 5, HÖFN**  
3ja herb. 61,3 fm risibúð með geymslum og þvotta-húsi í kjallara. Íbúðin er mikið undir súð og er gólfhlötur því stærri Nánari upplýsingar á [www.valholl.is](http://www.valholl.is)



**KIRKJUBRAUT 43, HÖFN**  
Steypt og vel skipulagt 157m<sup>2</sup> einbýlishús með 5 svefnherbergjum ásamt, 48,3m<sup>2</sup> bílskúr, 50m<sup>2</sup> risloft og 40m<sup>2</sup> geymslu undir bílskúr samtals nýtingargólfhlötur um 300m<sup>2</sup>. Góð verönd er við húsið og frábær lóð með garðhýsi.

# Nemendur skapa verkefni byggð á menningararfleið

Fas fékk nýlega Erasmus+ menntastyrki frá Evrópusambandinu sem kallast „Cultural heritage in the context of students' careers“ eða „Nemendur skapa verkefni byggð á menningararfleið“ sem er ætlað að vinna verkefni um menningararfleið þjóðarinnar og á að tengjast menningartengdri ferðabjónustu. Verkefnið er unnið í samvinnu við fjóra skóla í jafn mörgum löndum frá Ítalíu, Grikklandi, Eistlandi og Litháen og er til tveggja ára.

Unnið er í smiðjum í hverju landi þar sem hver þjóð leggur áherslu á menningu sína. Nemendur heimsækja síðan hvert land og kynna verkefni hvernar smiðju og læra og taka þátt í verkefni hvernar þjóðar.

Markmið með „Nemendur skapa verkefni byggð á menningararfleið“ er að hvetja nemendur og kennara að vinna verkefni úr eigin menningu sem kynningu fyrir nemendur frá öðrum Evrópuríkjum og styrkja og skapa tengsl milli þjóða í Evrópu. Á þessum tveimur verkefnisárum kynnum við framtíðarmöguleika fyrir nemendur okkar með því að hjálpa þeim að búa til leiðsögn sem sameinar sérkenni, sögu og náttúru hvers lands. Nemendur skapa því menningarferðalag í hverri smiðju þar sem þjóðsögur, sögusagnir og náttúra hvernar þjóðar eru megin viðfangsefni. Umsjón með verkefninu fyrir hönd FAS er Stefán Sturla umsjónarmaður Lista- og menningar sviðs skólans.



## Afurðasala haustið 2018

Afurðasala Norðlenska á Höfn haustið 2018 verður opin frá og með þriðjudegi 16. október til og með laugardegi 20. október kl. 10-12 og 13-17.

Pantanir skulu berast til Önnu Kristínar á netfangið [annak@nordlenska.is](mailto:annak@nordlenska.is) eða í síma 460-8834 / 861-8862.

*ATH! Inngangur vísar að bryggjunni (ekki sami og síðast).*

# NORÐLENSKA

## Fiskbúð Gunnhildar

Ferskur fiskur, fiskréttir, saltfiskur, kinnar, gellur, fiskibollur, rúgbrauð og margt fleira Plokkfiskur á fimmtudögum

Endilega komið með eigin ílát, minnkum sorpið!

Getum bætt við okkur veitingastöðum og mótuneytum í viðskipti. Opið mánudaga til fimmtudags frá kl. 14:00 til 18:00 Verið velkomin

S: 865-3302 og 478-1169



## Umsóknir - Styrkir

Ungmennasambandið Úlfjótur auglýsir eftir umsóknum í styrktar- og afrekssjóð USÚ.

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi föstudaginn 9. nóvember.

Upplýsingar um hvað á að koma fram í umsókninni og allar nánari upplýsingar eru á [www.usu.is](http://www.usu.is).



**Bifreiðaskoðun á Höfn 15., 16. og 17. október.**

Tímappantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 12. október. Næsta skoðun 19., 20. og 21. nóvember.

**Frumherji**  
*Þegar vel er skoðað*



**TÖLT  
MEÐ  
TILGANG**

laugardaginn  
13. október

hittumst við  
tjaldsvæðið kl. 11

FYLGID OKKUR Á FACEBOOK :  
UMHVERFISSAMTÖK AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

**Elín Freyja Hauksdóttir læknir** verður með stofu í Hofagarði Örafum **miðvikudaginn 17. október n.k**

**Ragnheiður Rafnsdóttir** skólahjúkrunarfræðingur verður með skólaskoðun og sér um **inflúensubólusetningar.**

Tímapantanir í síma 470-8600 virka daga.



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

**Arnar Hauksson dr med** **kvensjúkdómalæknir** verður með stofu á heilsugæslustöðinni dagana **25. - 26. október n.k**

Tímapantanir í síma 470-8600 virka daga



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS


### Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.  
Kannaðu málið á [www.eystrahorn.is/askrift/](http://www.eystrahorn.is/askrift/)

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490



**Sögustundin á Bókasafninu**

Laugardaginn 13. September n.k. verður Sögustund á Bókasafninu frá kl. 13.30 – 14.00. Við reynum að miða lesefnið við börn á aldrinum 3-6 ára. Í þetta sinn verður sögustundin í samstarfi við gestalesara.

Góðir sófar og allrahanda lesefni fyrir mömmur, pabba, ömmur og afa, á meðan á lestrinum stendur.

Verið velcomin á bókasafnið.

Ef þú hefur áhuga á því að gerast gestalesari vinsamlegast hafðu samband við bókasafn í síma 470-8050




Starfsfólk Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar



**SKAPANDI MARGMIÐLUNARSTOFA**  
Prívíddargrafík,  
umbrot og auglýsingagerð.  
Hafðu samband:  
[tjorvi@upplausn.is](mailto:tjorvi@upplausn.is)  
eða í síma 848-3933.



## SUNDLAUG HORNAFJARÐAR Vetraropnun

Viljum minna á vetraropnun hjá Sundlaug Hornafjarðar:

Mánudaga til föstudaga 06-45 - 21:00  
Laugardaga og sunnudaga 10:00 - 17:00

Starfsfólk íþróttamiðstöðvar Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

## Manstu eftir taupokanum?

**ÞOKASTÖÐIN**  
Hornafjörður - Iceland

Ég hef opnað lögmannsstofu að Álaugarvegi 21, 780 Hornafirði (í Garðeyjarhúsinu á neðri hæð).

Ég tek að mér alla almenna lögmannspjónustu og skjalagerð.

Hægt er að panta viðtal í síma 869-8650, með því að senda tölvupóst á [jona@medial.is](mailto:jona@medial.is), eða koma við á stofunni. Fyrsta viðtal er frítt og er miðað við að það taki um hálf tíma.



Jóna Benný Kristjánsdóttir  
lögmaður  
Sími 869 8650  
[www.medial.is](http://www.medial.is)



## AUGLÝST EFTIR TILLÖGUM UM NÝTINGU Á STEKKAKLETTI

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir tillögum um nýtingu á Stekkakletti, í landi Hafnarness, en húsið var byggt í upphafi sem fjarskiptastöð. Húsið er skráð þremur matshlutum sem eru samtals 155,9 m<sup>2</sup>. Lóðarstærðin er 11.550 m<sup>2</sup> samkvæmt teikningu.

Með auglýsingu þessari vill sveitarfélagið lýsa eftir aðilum sem áhuga kunna að hafa á uppbyggingu á lóðinni og uppfylla þá skilmála sem að neðan greinir.

Ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- Hvernig starfsemi viðkomandi sér fyrir sér á lóðinni,
- Hvernig viðkomandi hyggst nýta lóð og hús,
- Hvernig tillagan hefur jákvæð áhrif á samfélag, atvinnu og efnahag í sveitarfélaginu,
- Hvernig viðkomandi sér fyrir sér skipulag, hönnun og uppbyggingu á lóðinni,
- Litið verður til fjárhagslegrar getu til að koma hugmyndinni í verk og fylgja henni eftir,



- Hvað viðkomandi aðili vill greiða háa leigu fyrir notkun á lóð og húsi og til hversu langs tíma. Sveitarfélagið mun í ljósi samkeppnisjónarmiða leitast við að fá markaðsverð fyrir leigu á lóðinni og að leigutími sé ekki til lengri tíma en til 7 ára,
- Reynsla og þekking viðkomandi á þeirri starfsemi sem tilgreind er í tillögu,
- Hversu ný og sérstæð tillagan er.

Samkvæmt Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 er Stekkaklettur á svæði sem skilgreint er sem samfélagsþjónusta. Ekkert deiliskipulag er til fyrir lóðina. Sveitarfélagið er reiðubúið að skoða breytingar á aðalskipulaginu til að skapa svigrúm fyrir breytta nýtingu lóðar og húsa og koma að nýju deiliskipulagi á grundvelli þeirrar tillögu sem verður fyrir valinu.

Upplýsingar veitir Matthildur Ásmundardóttir, bæjarstjóri. Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið inn tillögu að nýtingu á Stekkakletti til bæjarráðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn í Hornafirði, eða á netfangið [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is) eigi síðar en **30. október nk.**

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar.



Öruggt frá fyrsta til síðasta kílómetra

# Keyrðu á örygginu í vetur



## Michelin X-ICE

Hljóðlát og naglalaus vetrardekk  
Ný APS gúmmíblanda tryggir gott grip í kulda  
Frábærir aksturseiginleikar



## Michelin X-ICE NORTH 4

Besta hemlun á ís, hvort sem dekkinn eru  
ný eða ekin 10.000 km  
Betri aksturseiginleikar m.v. helstu samkeppnisaðila  
Hámarks grip með sérhönnuðu mynstri  
fyrir hverja stærð  
Einstök ending



## Michelin Alpin 6

Nýr mynsturskurður sem opnast eftir því  
sem dekkið slitnar  
Heldur eiginleikum sínum út líftímann  
Lagskipt gúmmíblanda sem veitir  
hámarks grip

Notaðu  
N1 kortið



Verslun N1 Vesturbraut 1, Höfn, 478 1940

Opið mánudaga til föstudaga kl. 08-18

Alltaf til staðar

**N1**